



Reykjanesbær, 8.október 2014

Efni : Umbótaáætlun Myllubakkaskóla í kjölfar ytra mats

Í október 2013 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar, Oddný Eyjólfsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, úttekt á starfsemi Myllubakkaskóla. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Í úttektinni var einkum lögð áhersla á fjóra þætti skólastarfsins, stjórnun, nám og kennslu, innra mat og lestur sem var skoðaður að ósk skólans og sveitarfélagsins.

Í janúar 2014 gerðu úttektaraðilar grein fyrir niðurstöðum úttektarinnar þar sem farið var yfir alla fjóra þættina auk þess sem gerðar voru tillögur til úrbóta í hverjum lið fyrir sig.

Eftir að niðurstöður úttektar voru kynntar óskaði skólastjóri eftir áhugasömum aðilum í teymi um úrvinnslu skýrslunnar og úr varð að þriggja manna teymi var myndað. Teyminu var falið það verk að yfirfara skýrsluna og koma með tillögur til úrbóta sem lagðar yrðu fyrir starfsmenn skólans á starfsmannafundi.

Teymið tók fyrir þættina úr skýrslunni sem betur máttu fara og kom með hugmyndir að útfærslum í hverjum lið fyrir sig. Afraksturinn var kynntur á starfsmannafundi og ákveðið að starfsmenn fengju tækifæri til að hafa áhrif á umbætur í sínu starfsumhverfi. Rafræn könnun var send á alla starfsmenn skólans með það að markmiði að virkja sem flesta í umbótaferlinu og leyfa starfsmönnum að hafa áhrif á það hvernig umbótum yrði forgangsraðað. Starfsmenn hafa í öllu ferlinu haft tækifæri til að koma með athugasemdir varðandi störf teymisins og því teljum við að sem flest sjónarmið hafi náð fram að ganga.

Þættir sem koma fram í skýrslu úttektaraðila og þarfnast úrbóta er skipt eftir þáttunum fjórum sem voru metnir og útfærsla og tímaáætlun á öllum þáttunum er í meðfylgjandi

töflum. Áætlunin verður endurskoðuð reglulega til að tryggja að umbætur nái fram að ganga.

Að fá utanaðkomandi aðila til að meta starf skólans á jafn markvissan hátt og hér var gert er nauðsynlegt skólasamfélaginu í heild. Þó sér í lagi stjórnendum hvers skóla því úttektin gefur færi á að einblína á einstaka þætti í skólastarfinu. Starfsfólk Myllubakkaskóla mun næstu tvö ár vinna í sameiningu að umbótum til að gera góðan skóla enn betri.

Við færum úttektaraðilum, fyrir hönd starfsfólks Myllubakkaskóla, bestu þakkir fyrir vel unnin störf og góða samvinnu.

Fyrir hönd Myllubakkaskóla,

Bryndís Guðmundsdóttir skólastjóri

G. Steinar Jóhannsson, aðstoðarskólastjóri

Elín Rafnsdóttir, fulltrúi í umbótateymi

Hlynur Jónsson, fulltrúi í umbótateymi

Júlía Jörgensen, fulltrúi í umbótateymi

Stjórnun

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tíma- áætlun	Mælikvarði á árangur
Hlutur valgreina aukinn	Fjölga valgreinum og virkja betur starfskrafta innan skólans samhliða því að leita út í nærsamfélagið.	Stjórnendur	Haust 2014	Valgreinar telja 20% af námi nemenda í 8.-10.bekk.
Skólanámskrá í samræmi við 12. kafla aðalnámskrár	Skólanámskrá endurunnin í samræmi við 12.kafla aðalnámskrár grunnskóla. Í starfsáætlun verður m.a. birt skipurit skólans. Í almennum hluta skólanámskrár verða reglur um upplýsingagjöf um nemendur. Forvarnarstefna verður einnig birt í almennum hluta skólanámskrár.	Stjórnendur	2014- 2016	Birting endurbættrar skólanámskrár á heimasíðu skólans. Skólanámskrá verður birt í þremur hlutum, almennur hluti, starfsáætlun og bekkjarnámskrár.
Heimasíða	Starfsmaður ráðinn til að sjá um uppfærslu heimasíðunnar. Fenginn verður aðili til að setja valdar upplýsingar um skólastarfið á fleiri tungumálum en íslensku á heimasíðu.	Stjórnendur og umsjónarmaður heimasíðu	Haust 2014	Heimasíða yfirfarin og uppfærð oft og reglulega þar sem helstu upplýsingar um skólastarfið og skólann í heild sinni eru aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum.
Móttökuáætlun fyrir nýja kennara	Áætlun verður sett upp fyrir nýja kennara. Séð verður til þess að nýir kennarar fái handleiðslu og fastan viðtalstíma við annan kennara sér til stuðnings. Móttökuáætlun nýrra kennara verður birt í almennum hluta skólanámskrár.	Stjórnendur og teymisvinna PBS	Nóv. 2015	Bætt líðan í starfi – PBS þarfagreining.
Jafnréttisáætlun	Jafnréttisáætlun verður unnin af starfsmönnum skólans og birt í skólanámskrá, almennum hluta.	Stjórnendur og allir starfsmenn	Nóv. 2015	Birtist í skólanámskrá
Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála fyrir starfsmenn	Verklagsreglur verða unnar af starfsmönnum.	Stjórnendur og allir starfsmenn	Nóv. 2015	Birtist í skólanámskrá
Endurgjöf til kennara	Skólastjórnendur og kennarar meta kennslustundir á vettvangi með gátlistum og samræðum. Verkferill útbúinn.	Stjórnendur og teymisvinna PBS	2015- 2016	Bætt líðan í starfi – PBS þarfagreining.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tíma- áætlun	Mælikvarði á árangur
Lýðræðisleg vinnubrögð með nemendum	Aukið vægi nemendaráðs og aukin þátttaka nemenda í ákvarðanatöku. Nemendur fá að kjósa um ýmsa viðburði eins og þemadaga og árshátíð þegar því verður við komið. Lýðræðisfundir nemenda með skólastjórnendum og námsráðgjafa. Á fundum fá nemendur tækifæri til að þjálfa gagnrýna hugsun og lýðræðisleg vinnubrögð.	Stjórnendur, umsjónarmenn félagsstarfa- og tölvumála. Námsráðgjafi	2014- 2016	Þátttaka í kosningum.
Skólanámskrá-aðkoma foreldra og nemenda	Aukin aðkoma foreldra að gerð skólanámskrár þ.m.t. agamálum og skólareglum. Foreldrafélagið er fengið til að sjá um kynningu fyrir foreldra á skólareglum. Stjórn foreldrafélagsins og skólaráð fær afrit af skólanámskrá til athugunar og athugasemda áður en hún birtist opinberlega.	Stjórnendur	2014- 2016	Skýrara verklag fyrir kennara og foreldra. Hagsmunaaðilar upplýstir.
Skólaráð	Unnið verður að því að efla skólaráð, gera það skilvirkara og að upplýsingaflæði frá ráðinu verði betra. Skólaráði er afhent reglugerð um skólaráð við grunnskóla og setur sér starfsáætlun og vinnureglur sem birtast á heimasíðu skólans. Foreldrafélagið og nemendaráð kjósa sér fulltrúa í skólaráð. Fulltrúi grenndarsamfélags virkjaður inn í ráðið. Skólaráð fær skjöl eins og skólanámskrá, innra mat, skóladagatal o.fl. sent til athugunar og fær tækifæri til að koma með athugasemdir áður en það birtist opinberlega.	Stjórnendur	Okt. 2014	Öflugra skólaráð sem hefur skýra sýn á skólastarfið skólanum til heilla. Upplýstir hagsmunaaðilar.

Nám og kennsla

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tíma-áætlun	Mælikvarði á árangur
Bekkjarnámskrár og gátlistar	Bekkjarnámskrár kynntar foreldrum og nemendum á haustönn. Í bekkjarnámskrám er getið um námsmat við hverja námsgrein þar sem fram kemur vægi verkefna og prófa. Gátlistar eru unnir fyrir allar bekkjardeildir í íslensku og stærðfræði. Markmiðssetning er unnin út frá þeim í samráði við foreldra. Unnið verður markvisst að því að vinna gátlista fyrir fleiri námsgreinar.	Allir kennarar og námskrárteymi	Haust 2015	Foreldrar vita stöðu barna sinna og nemendur vita að hverju er stefnt. Gátlistar verða tilbúnir fyrir fyrsta viðtal með foreldrum eða á samskiptadegi. Námsmarkmið eru skýrari.
Val í námi	Valmöguleikum í vali er fjölgað á unglíngastigi. Nemendur á öllum skólastigum fá meira val í námi. Kennarar setja fram í bekkjarnámskrám hvernig þeir framkvæma það. Virkja betur starfskrafta innan skólans samhliða því að leita út í nærsamfélagið.	Stjórnendur og kennarar	Haust 2014	Valgreinar telja 20% af námi nemenda í 8.-10.bekk. Sýnilegt í bekkjarstarfi og námskrám.
Stundatöflur og skipulag	Stundatöflur skipulagðar þannig að hægt verður að gefa svigrúm milli íþróttá- og sundtíma annars vegar og bóklegra tíma hins vegar.	Stjórnendur	Haust 2014	Nemendur fá aukið svigrúm milli kennslustunda og seinkomum fækkar.
Fjölbreytni í kennsluháttum	Aukið verður vægi samvinnu og hópavinnu sem og hlut upplýsingatækni. Kennarar fá námskeið í hvernig má efla fjölbreytta kennsluhætti. Hugmyndir að námsmati fyrir hvert stig. Tengsl námsmats og viðmiða er aukið með leiðsagnarmati. Kennarar útfæra fjölbreyttara námsmat í bekkjarnámskrám og upplýsa nemendur og foreldra. Verkefnabók verður markvisst notuð.	Teymisvinna	Vorönn 2016	Upplýstari nemendur og foreldrar.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tíma- áætlun	Mælikvarði á árangur
Upplýsingatækni í námi og kennslu	Spjaldtölvuvæðing í 9. og 10. bekk. Bekkjasett af spjaldtölvum keypt til notkunar í 1.-8.bekk. Námskeið í nýtingu spjaldtölva í kennslu fyrir kennara. Námskeið fyrir foreldra þeirra nemenda sem eru með spjaldtölvu á vegum skólans. Starfsmaður innan skólans fær svigrúm til þróunarvinnu í upplýsingatækni með spjaldtölvum. Hver kennari fær spjaldtölvu til notkunar í kennslu.	Stjórnendur	2014- 2015	Færari og upplýstari nemendur, starfsmenn og foreldrar.
Áætlanagerð og markmiðssetning nemenda	Nemendur vinna að markmiðum sínum fyrir veturinn að hausti í samráði við foreldra og kennara á fyrsta samskiptadegi með foreldrum. Reglulega er fylgst með hvort nemendur séu að standast áætlanir og vinna að markmiðum sínum. Nemendur fá t.d. atkvæðafjölda í lestri á sjónrænan hátt á súluriti og setja sér lestrarmarkmið.	Kennarar	2015- 2016	Nemendur eru meðvitaðri um stöðu sína. Opin verkefnabók og skjal á sameiginlegu svæði kennara fyrir markmiðssetningu og súluriti.
Innra og ytra mat	Sett er upp vinnuferli varðandi innra mat. Farið eftir leiðbeiningum og viðmiðum fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat. Allir hagsmunaaðilar fá kynningu á innra mati áður en það birtist á heimasíðu og geta komið með athugasemdir/tillögur.	Stjórnendur	2015- 2016	Skólinn uppfyllir skilyrði fyrir viðmið um innra mat.
Sjálfsmat nemenda eft	Nemendur meta eigin frammistöðu. Þeir fylla út matsblað með foreldrum um líðan og frammistöðu. Þeir koma með blaðið útfyllt á samskiptadegi í viðtal við kennara.	Stjórnendur og kennarar	2015- 2016	Nemendur hugsa um eigin stöðu og eru ábyrgari.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tíma- áætlun	Mælikvarði á árangur
Námsaðlögun í bekk	Allir fá námsefni við hæfi og tekið er að einhverju leyti mið af áhugasviði nemenda. Snemmtæk íhlutun þar sem niðurstöður úr skimunum eins og <i>Leið til læsis</i> eru unnar sérstaklega undir leiðsögn sérkennara. Mikill stuðningur er settur inn hjá yngstu nemendunum þar sem unnið er með veikleika og styrkleika nemenda í hópum. Nemendur með sérþarfir fá meiri aðstoð inni í bekk. Starfsmaður sérkennslu kemur að aðlöguðu námsefni fyrir nemendur sem þeir geta unnið með bekknum.	Allir	2014- 2016	Færri nemendur í námsveri.
Verkefni við allra hæfi	Einstaklingsnámskrár fyrir þá sem víkja frá hefðbundnu námi. <ul style="list-style-type: none"> • bráðger börn • nýja Íslendinga • þá sem þarfnast sérstakrar aðstoðar vegna námsörðugleika. 	Sérkennari og kennarar	2014- 2015	Allir nemendur hafa námsefni við hæfi inni í bekk. Sérkennarar útbúa kennsluefni fyrir nemendur í samráði við umsjónarkennara.
Nám og kennsla nemenda með sérþarfir undir stjórn fagaðila	Auglýst verður eftir menntuðum sérkennara. Kennarar í skólanum eru hvattir til að afla sér slíkrar menntunar. Reykjanesbær hefur ákveðið að koma til móts við kennara sem stunda nám í sérkennslufræðum.	Stjórnendur	Haust 2015	Sérkennari ráðinn við skólann.

Innra mat

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tíma- áætlun	Mælikvarði á árangur
Áætlun um innra mat	Birta upplýsingar á heimasíðu um hvaða þætti í innra starfi skólinn hyggst meta og hvaða leiðir verði farnar. Fulltrúar foreldrafélags, skólaráðs og nemenda verða virkjaðir í áætluninni og gert kleift að koma með athugasemdir og hugmyndir.	Stjórnendur og námskrárteymi	2015- 2016	Birting á heimasíðu. Upplýstir hagsmunaaðilar.
Efling hagsmunaaðila innra mats	Tryggt að allir hagsmunahópar innan skólans fari yfir innra mat og komi að umbótum.	Stjórnendur	2014- 2016	Hagsmunaaðilar telja sig vel upplýsta.
Niðurstöður innra mats	Allir hagsmunaaðilar fá kynningu á niðurstöðum innra mats. Hagsmunaaðilum gefst tækifæri á að koma með tillögur að umbótum í skólastarfinu.	Stjórnendur og námskrárteymi	2015- 2016	Upplýstir hagsmunaaðilar um innra mat.

Lestur

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tíma- áætlun	Mælikvarði á árangur
Lestrarstefna í tengslum við aðalnámskrá	Lestrarstefna unnin samkvæmt hugtökum nýrrar aðalnámskrár og lestrarstefna skólans endurskoðuð árlega.	Lestrarteymi og kennarar	Haust 2014	Ný lestrarstefna kynnt á foreldrafundum að hausti.
Lestrarmarkmið og hæfniviðmið	Aldurstengd lestrarmarkmið kynnt nemendum og foreldrum. Læsi af fjölbreyttum miðlum eftir. Lestrarteymi skipuleggur lesefni af fjölbreyttum miðlum eftir aldri. Sjónrænar niðurstöður sendar heim.	Stjórnendur, kennarar og lestrarteymi	2014-2015	Nemendur vinna með fjölbreytta miðla. Sjónrænar niðurstöður sendar heim og kynntar nemendum og foreldrum á samskiptadögum.
Læsi af fjölbreyttum miðlum	Læsi af fjölbreyttum miðlum eftir. Lestrarteymi skipuleggur lesefni af fjölbreyttum miðlum eftir aldri sem kemur fram í lestrarstefnu skólans.	Lestrarteymi	2015-2016	Bættur árangur í lestri. Fjölbreytt námsmat.
Námsaðlögðun í lestri og læsi	Bókalistar útfærðir af teymi sem taka mið af leshraða nemenda. Hóplestur, samlestur og gagnvirkur lestur skipulagður í lestrarstefnu skólans. Nemendur setja sér lestrarmarkmið tvisvar á skólaárinu. Allir fá efni við hæfi.	Lestrarteymi	2014-2015	Framfarir í lestri og lesskilningi.
Ánægja nemenda af lestri	Kennarar kynna sér fjölbreyttar aðferðir við lestrarkennslu. Könnun lögð fyrir nemendum um ánægju af lestri.	Kennarar	2014-2016	Aukinn áhugi á lestri.